

REGLUGERÐ

um breytingu á reglugerð nr. 87/1954 um orlof og veikindaforföll starfsmanna ríkisins.

1. gr.

Við 5. gr. reglugerðarinnar bætist:

„Krefjast má læknisvottorðs af starfsmanni í veikindum, hvenær sem forstöðumanni stofnunar þörf þykir.

Ef starfsmaður kemur ekki til starfa sökum veikinda meira en 10 vinnudaga samfleytt, skal hann sanna veikindi sín með læknisvottorði.

Ef um er að ræða endurteknar fjarvistir starfsmanns, skal hann sanna veikindi sín með læknisvottorði, þegar hann hefur verið forfallaður meira en 15 vinnudaga samtals á einu og sama almanaksári, en eftir það hvert sinn, sem hann er fjarverandi án leyfis á sama ári.

Ef starfsmaður er veikur um langan tíma, skal hann endurnýja læknisvottorð sitt, þegar tveir mánuðir eru liðnir frá því er hann veiktist, en síðan á þriggja mánaða fresti, meðan hann á rétt á launum samkvæmt 6. gr. þessarar reglugerðar. Frá þessu má þó veita undanþágu, eftir tillögu trúnaðarlæknis, ef hann telur auðsætt fyrirfram, að starfsmaður verði ekki fær um að hefja starf innan tímamarka, sem tiltekin eru hér að framan.

Skýlt er starfsmanni, sem er frá störfum vegna veikinda svo lengi, að vottorðsskylda taki til hans, að ganga undir hverja þá venjulega og viðurkennda læknisrannsókn, sem trúnaðarlæknir kann að telja nauðsynlega til þess að skorið verði úr því, hvort veikindaforföll séu lögmat.

Reglugerð þessi er sett samkvæmt lögum um réttindi og skyldur starfsmanna ríkisins, nr. 38 frá 14. apríl 1954, til að öðlast gildi þegar í stað og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

Fjármálaráðuneytið, 18. sept. 1967.

Magnús Jónsson.

Jón Sigurðsson.

9. maí 1967.

Nr. 123.

TILKYNNING

til innflytjenda sjónvarps- og útvarpstækja.

Vakin er athygli á lögum nr. 19/1967, um afnám heimildar til einkasölu á viðtækjum, svo og lögum nr. 24/1967, um breytingu á lögum um tollskrá o. fl.

Með fyrrnefndum lögum er fellt niður einkasölugjald það, sem innflytjendur hafa greitt af sjónvarps- og útvarpstækjum o. fl. til Viðtækjaverzlunar ríkisins, en aðflutningsgjöld af þessum vörum hafa jafnframt verið hækkuð.

Samkvæmt nefndum lögum hættir Viðtækjaverzlun ríkisins störfum nú þegar.

Í menntamálaráðuneytinu, 9. maí 1967.

F. h. r.

Birgir Thorlacius.

Sigurður Briem.

B 27